



Alþingi
Erindi nr. P 143/925
komudagur 30.1.2014

Borgarnesi 28. janúar 2014

Til: Nefndasviðs Alþingis

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Frá: Skógræktarfélagi Borgarfjarðar

Erindi: Vegna umsagnar um þingsályktun Atvinnuveganefndar Alþingis um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu, þingskjal 273 - 211. mál.

Sjá: (<http://www.althingi.is/altext/143/s/0273.html>).

Á stjórnarfundum Skógræktarfélags Borgarfjarðar þann 24. janúar sl. var fjallað um ofangreinda þingsályktunartillögu sem félaginu barst til umsagnar.

Stjórn félagsins fagnar framkominni þingsályktun og telur hana í meginráttum vera til framdráttar íslenskrar skógrækt. Hún telur að málflutningurinn sýni að í þjóðfélaginu öllu sé að myndast skilningur á því að skógrækt sé vænleg landbúnaðargrein.

Ályktunin er í fjórum liðum og umsögn félagsins með sama hætti.

- a. Ein megin forsenda þess að hægt sé að stunda arðsama skógrækt á Íslandi er að efla rannsóknir á sem flestum þáttum skógræktar. Skógræktarfélag Borgarfjarðar leggur einnig áherslu á að arðsemin ein í atvinnugreininni megi ekki yfirskyggja ýmsa aðra ávinninga af skógræktarstarfsemi og rannsóknir þurfi einnig að beinast að samfélagslegum áhrifum og umhverfisáhrifum (sjálfbærni) skógræktar. Bera þarf virðingu fyrir hugsjónastarfi skógræktarfélaganna á Íslandi sem eru fjölmenn og öflug grasrótarfélög og því hryggjarsúlan í skógræktarstarfi almennt á landinu.
- b. Þótt deila megi um sameiningu stofnana í „græna geiranum“ telur stjórnin að skoða beri hugsanlega ávinninga af því að efla stjórnsýslustofnun Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt með sameiningu þeirra sem og Hekkluskóga. Ein megin forsenda allra breytinga er þó sú, að tryggja þarf að breytingar feli ekki í sér sameiningu á kostnað landsbyggðar, - heldur verði gengið út frá því að styrkja atvinnulíf í dreifbýlinu og störfum verði heldur fjölgað í samræmi við vaxandi verkefni.
- c. Eðlilegt er að endurnýja lög í samræmi við nýja skipan mála og breytingar sem orðið hafa í umhverfi skógræktar og landgræðslu undanfarin ár og áratugi. Þá er og eðlilegt að huga að víðtækri uppstokkun og samræmdri löggjöf um skógrækt og landgræðslu á Íslandi – með þátttöku skógræktarfélaganna í landinu.



- d. Athygli er vakin á því að skógræktarfélög eru almannasamtök og stór gerandi í skógrækt á Íslandi, og umsjónaraðilar víðtækrar skógræktar á vegum sveitarfélaga og hafa því mikilvægra almannahagsmuna að gæta.

Með skógræktarkveðjum
F.h. stjórnar Skógræktarfélags Borgarfjarðar

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir